

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. Gunnarsstofnun
2. Vatnajökulsþjóðgarður
3. Deiliskipulag Geldingafell
4. Skýrsla oddvita
5. Hönnunarsamkeppni Hengifoss
6. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2016
7. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi
8. Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd SSA
9. Fundarboð aðalfundar húsfélags Miðvangs 6

10.Bréf

- a) Minjastofnun dags. 10.01 2017
- b) Umhverfis-og auðlindaráðuneytið dags. 19.01 2017
- c) Póst –og fjarskiptastofnun dags. 26.01 2016

11.Fjárbeiðnir

- a) Einn blár strengur, átaksverkefni
- b) Ungt Austurland

12.Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 25.01 2017
- b) Upphéraðsklasinn 11.01 2017
- c) Samgöngunefnd SSA 26.01
- d) Svæðisskipulagsnefnd SSA 17.01 2017
- e) Bygginga-og skipulagsnefnd 30.01 2017
- f) Samtök orkusveitarfélaga

13.Önnur mál

1. **Gunnarsstofnun.** *Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður Gunnarsstofnunar var mættur til fundar undir þessum lið.*

Til umræðu voru ýmis ferða- og menningartengd mál sem unnið hefur verið að á grunni þjónustusamnings aðila, auk málefna Gunnarstofnunar. Fram kom að mannvirki Gunnarsstofnunar eru komin í forsjá Ríkiseigna og í undirbúningi er þarfagreining fyrir stærra húsnæði. Skúli Björn kynnti stöðu mála er varða verkefnið Áfangastaðurinn Austurland, en hann hefur fyrir hönd Fljótsdalshrepps setið þar í starfshópi.

Skúli fór af fundi um kl.14.30 og þá komu til fundar Agnes Brá Birgisdóttir Þjóðgarðsvörður og Þórveig Jóhannsdóttir aðstoðarmaður Agnesar.

2. Vatnajökulsþjóðgarður.

Farið var yfir skýrslu fyrir árið 2016 varðandi Hengifossvæðið og aðkomu Vatnajökulsþjóðgarðs að landvörslu á svæðinu. Ferðamönnum fjölga árlega og ganga að Hengifossi á öllum árstímum. Minnst var á að árlega þurfi að gera áhættumat á gönguleiðinni og slíkt mat þurfi að taka til allra árstíða. Könnun sem lögð er fyrir ferðamenn á svæðinu gefur ágæta yfirsýn yfir ýmsa þætti, en að sögn Þórveigar þarf að uppfæra spurningalista. Fram kom áhugi beggja aðila á að haldið verði áfram samstarfi um landvörslu.

Agnes og Þórveig fóru af fundi kl. 15.45 og til fundar kom Ágúst Þór Margeirsson starfsmaður Mannvits Verkfræðistofu.

3. Deiliskipulag Geldingafell

Farið var yfir athugasemdir/umsagnir sem borist hafa við auglýsta deiliskipulagstillögu og drög að svörum. Frestað til næsta fundar að afgreiða deiliskipulagstillöguna.

Ágúst fór af fundi um kl. 16.30

4. Skýrsla oddvita.

Oddviti var í Reykjavík 25.—26. Janúar og átti ásamt lögfræðingi sveitarfélagsins fundi er vörðuðu þjóðlendur, lóðamál Laugarfelli og álagningu fasteignaskatta á vatnsréttindi.

Landsvirkjun hefur gert upp vangoldna vexti af fasteignasköttum síðasta árs.

Landsbankinn sem séð hefur um útsendingu reikninga fyrir Fljótsdalshrepp, hætti um síðustu áramót slíkra þjónustu. Verið er að skoða hvernig þeim málum verði fyrir komið.

Oddviti hefur setið tvo fundi er varða möguleika á að takmarka eða banna gistingu utan merktra svæða í sveitarfélögum á svæðinu, en óþrifnaður því samfara að gist er í bílum/farartækjum sem oft eru án salernisaðstöðu hefur aukist og leiðir af sér óþol heimamanna gagnvart ferðamönnum. Samkvæmt náttúruverndarlögum eru slíkar gistingar óheimilar án leyfis landeigenda. Skoðað hefur verið hvort taka eigi inn í lögreglusamþykktir sveitarfélaga á svæðinu samhljóða ákvæði og eru í náttúruverndarlögum varðandi þetta, en lögin eru nokkuð skýr og geta skapað grundvöll fyrirbyggjandi aðgerða sem rætt verður við sveitarfélögin að taka þátt í, með að markmiði að hefjast handa fyrir sumarið við að koma skilaboðum á framfæri með skiltum og öðru upplýsingaformi.

Verkefnisstjórn um gerð landsáætlunar um uppbyggingu innvið til verndar náttúru- og menningarlegum minjum hefur hafið gerð stefnumótandi áætlunar til næstu 12 ára, ásamt framkvæmdaáætlun fyrir árin 2018-2020. Óskað er upplýsinga frá sveitarfélögum um hvaða verkefni þau telja brýnt að ráðist verði í á næstu þremur árum, auk áætlaðs heildarkostnaðar fyrir hvert og eitt þeirra. Gunnarsstofnun sem farið hefur fyrir verkefnum af þessum toga á grundvelli þjónustusamnings kallaði saman rýnihóp til að fara yfir áherslur og á grundvelli þess sem þar kom fram, auk skoðunar á fyrri áætlunum og áherslum hefur verið skilað inn áætlun fyrir Fljótsdalshrepp.

Oddviti fyrir hönd sveitarstjórnar gaf Sýslumannsembættinu umsögn vegna útgáfu tækifærisleyfis þorrablóts í Fljótsdal 28. janúar sl.

Styrkur Húsafriðunarsjóðs að upphæð kr. 300.000, - sem veittur var Fljótsdalshreppi árið 2015 hefur nýlega borist sveitarfélaginu. Styrkurinn var nýttur í kostnað við að laga grjóthleðslur í réttarveggjum, einnig hefur verið mokað upp úr nokkrum dílkum til að minnka álag á grjóthlöðnum veggjum.

Forsætisráðuneytið óskar eftir upplýsingum um tekjur sveitarfélaga af þjóðlendum og ráðstöfun slíkra tekna. Ekki er um slíkar tekjur að ræða í Fljótsdalshreppi.

Eignastýringu í Landsbankanum hefur verið hætt og fjármunir færðir á innlánsreikning.

Árlega býðst sveitarfélögum að kaupa fjölmiðlaskýrslu fyrir sitt sveitarfélag, skýrslan sem nú er boðin tekur til fréttaumfjöllunar 2016 og kosta kr. 45.000,-. Oddviti hefur hafnað boði um kaup á skýrslu fyrir Fljótsdalshrepp.

Með breytingu á lögum um gististaði, veitingastaði og skemmtanahald og tilheyrandi reglugerð sem fylgdi er tilfærsla á verkefnum frá sýslumanni til sveitarfélaga, hvað varðar söfnun umsagna vegna rekstrar á sölu veitinga og gistinga. Rætt hefur verið um að aðilar á svæðinu sem að málum koma hittist og samræmi vinnulag.

5. Hönnunarsamkeppni Hengifoss.

Tólf tillögur bárust og dómnefnd sem skipuð var hefur farið yfir tillögurnar. Álit dómnefndar var að verðlauna eina tillögu. Höfundar hennar eru Erik Rönning Andersen og Sigríður Anna Eggertsdóttir. Verðlaunafé er kr. 2 millj. Tillögurnar verða kynntar og verðlaun afhent í Végarði á föstudaginn 10 febrúar kl 14.00.

6. Viðauki 2 við fjárhagsáætlun 2016.

Samþykktur er viðauki við fjárhagsáætlun 2016, kr. 5.000.000, - vegna meiri kostnaðar við lögmannsþjónustu á árinu 2016, en áætlað var. Kostnaði er mætt með lækkun á handbæru fé.

7. Reglur um sérstakan húsnæðisstuðning hjá Fljótsdalshreppi.

Fyrirliggjandi drög um sérstakan húsnæðisstuðning í Fljótsdalshreppi samþykkt og að reglurnar taki gildi frá áramótum 2016/2017.

8. Starfsreglur fyrir svæðisskipulagsnefnd SSA.

Reglurnar samþykktar fyrir hönd Fljótsdalshrepps.

9. Fundarboð aðalfundar húsfélags Miðvangs 6.

Aðalfundur 16. feb Hlymsdölum kl 17.00. Oddviti verður fulltrúi sveitarfélagsins á fundinum.

10. Bréf

- a) Minjastofnun dags. 10.01 2017. Óskað er eftir skráningarskyldum gögnum yfir menningarminjar og fornleifar.
- b) Umhverfis- og auðlindaráðuneytið dags. 19.01 2017. Kynnt. Varðar eldvarnir og eldvarnareftirlit.

- c) Póst –og fjarskiptastofnun dags. 26.01 2016. Óskað er eftir upplýsingum um legu ljósleiðara í sveitarfélaginu og notendur þeirra. Oddvita falið að safna upplýsingunum saman.

11. Fjárbeiðnir

- a) Einn blár strengur, átaksverkefni. Hafnað.
b) Ungt Austurland. Samþykktur styrkur vegna byggðaráðstefnu kr. 11.100-

12. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 25.01 2017. Kynnt.
b) Upphéraðsklasinn 11.01 2017. Kynnt. Drög að nýju samkomulagi um Upphéraðsklasa.
c) Samgöngunefnd SSA 26.01. Kynnt.
d) Svæðisskipulagsnefnd SSA 17.01 2017. Kynnt.
e) Bygginga-og skipulagsnefnd 30.01 2017. Kynnt og fundargerð staðfest.
f) Samtök orkusveitarfélaga. Kynnt.

13. Önnur mál.

- a) Skoðað verði með ástand og eignarhald á píanói í Végarði með það fyrir augum að losna við það úr húsinu.
b) Athuga þarf með uppþvottavél í eldhúsi, slanga með gljóa er ekki tengd.
c) Samþykkt er að fá Tengi til að uppfæra ljósleiðarabúnað í eigu sveitarfélagsins , búnaðurinn er að verða 8 ára og tækniframfarir hafa orðið sem leiða það af sér að uppfærslu er þörf. Kostnaður er áætlaður um 3 millj. kr.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19.30

Þorvarður ritaði fundargerð i tölvu

Gunnþórunn Ingólfsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Anna Jóna Árnmarsdóttir (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)